


VARÐANDI EININGAR Í HÚSI:
Einingar skulu vottaðar sbr. ákvæði í byggingarreglugerð og skal yfirlýsing um það liggja fyrir hjá byggingarfulltrúa áður en þær koma á byggingarstað.
*Hús með einingum án vottunar fá ekki fokheldisvottorð.*

Samþykkt þann
23 APR. 2001
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristján Þórarinsson*
KÞ

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
20/4 '01

## BRUNAVARNARLÝSING:

### Brunasamstæður

Húsið er allt ein brunasamstæða. Fjarlægð að lóðamörkum er minnst 5 m.

### Brunahólfun

Brunahólf skulu almennt vera EI60 með EI-CS30 hurðum.
Vinnslusalur er í sama brunahólfi og vörumóttaka og afgreiðsla (alls u.þ.b. 450 m²).
Loftræstikerfi sem þjónar þessum brunahólfum er í sér brunahólfi. Skrifstofuhluti á 1. og 2. hæð eru í sér brunahólfum en geymslur á 2. hæð eru skildar frá skrifstofum. Kæligeymsla er í sér brunahólfi u.þ.b. 63 m². Umbúðalager er í sér brunahólfi (u.þ.b. 80 m²) með EI60 veggjum og EI-CS60 hurð. Vörulager fyrir hráefni, lyftari, kryddblöndun og kryddgeymsla verða í sér brunahólfum.

### Burðarþol

Brunamótstaða burðarvirkja verður almennt a.m.k. R60. Stálvirki í vinnslusal, vörumóttöku, bílageymslu og umbúðalager verður óvarið. Brunamótstaða burðarvirkis milligólfs fyrir loftræstiklefa verður a.m.k. R30.
Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. R30.

### Klæðningar

Allar klæðningar (utan- og innanhúss) verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Útveggjaklæðningar verða úr A efni.

### Flóttaleiðir

Flóttaleiðir frá vinnslusal og vörumóttöku eru í gegnum hurðir beint út eða í gegnum lager eða skrifstofuhluta. Flóttaleiðir frá skrifstofuhluta eru í gegnum anddyri eða í gegnum björgunarop.

### Brunaviðvörunarkerfi

Fullbúið brunaviðvörunarkerfi verður í húsinu skv. ÍSTEN54. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Undirstöð verður í anddyri hússins.

### Loftræstikerfi

Sér loftræstikerfi er fyrir vinnslusal og vörumóttöku. Tveggja hæða hluti er með sér loftræstikerfi og ganga skal frá loftræstikerfinu þannig að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Bruna- og reyklokur (t.d. brunaloka og reykþétt spjaldloka) skulu vera í stokkum milli hæða en nægjanlegt er að reykþéttar spjaldlokur séu á milli brunahólfa á hverri hæð. Við boð frá brunaviðvörunarkerfinu skal loftræstisamstæðan slökkva á sér og lokur í brunahólfandi skilum loka.

### Reyklosun

Plast (PVC) gluggar eru í þaki sem virkar sem reyklosun og minnkar hitann í reyknum m.t.t. burðarvirkja. Reyklosun er í vinnslusal (u.þ.b. 34 m²), vörumóttöku (u.þ.b. 8 m²), lager (u.þ.b. 4 m²) og á skrifstofum á 2. hæð (u.þ.b. 15 m²).

### Vatnsúðakerfi

Vatnsúðakerfi í "lite hazard" flokki eru í tveggja hæða hluta hússins.

### Slöngukefli og slökkvitæki

Slöngukefli og slökkvitæki verða sett upp í öllu húsinu. Slöngukeflin verða sett upp þannig að þau nái út í öll horn. Slökkvitæki skulu vera í brunahólfum þar sem aukin hætta er á eldi. Slökkvitækin skulu sett upp í samvinnu við eldvarnareftirlit.

### Út og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð og ÍSTEN1838. Reikna skal með a.m.k. 1 lux í stiga og göngum í skrifstofuhluta auk anddyris en 0,5 lux á opnum svæðum (vinnslusvæði, vörumóttaka).
**Sjá nánar um brunavarnir í skýrslu VSI verknúmer: 01-122.**

## LÓÐARLÝSING:

Bílastæði verða malbikuð og kantsteinar umhverfis. Stéttar verða hellulagðar og/eða steyptar. Stoðveggur verður steyptur á lóðarmörkum Eyrartraðar 2A og Brekkutraðar 3. Miðað er við að á efra bílastæðaplani Brekkutraðar 3 verði kóti um 20,80. Á neðra bílastæðaplani Eyrartraðar 2A, við fyrrgreind lóðarmörk, verður kóti 22,80. Hæð stoðveggjar verður því um 2,00 m. Ofan á stoðvegg komi 1,20 m hátt stálhandrið. Við enda bílastæða, við ofangreind lóðarmörk, koma niðurfallsrennur.
Annars staðar á lóðarmörkum verður hæðarmunur tekinn upp með hlöðnum fláum.
Aðkomu- og bílastæðaplön Eyrartraðar 2A verða að jafnaði í kóta 23,30, nema á fyrrgreindu neðra bílastæðaplani sem kemur til með að halla um 0,50 m (23,30 - 22,80).

| | |
|---|---|
| Breytt: | 03.01.2000: Hlaðinn flái í stað steypts stoðveggjar |
| | á lóðarmörkum Eyrartraðar 2A og Brekkutraðar 3 |
| Breytt: | 17.01.2000: Steyptur stoðveggur í stað hlaðins fláa |
| | á lóðarmörkum Eyrartraðar 2A og Brekkutraðar 3 |
| | Þar til viðbótar komi niðurfallsrennur við enda |
| | bílastæða (sjá teikningar 1.02 og 1.03). |
| Breytt: | 27.03.2000: Byggingunni lyft í landi um 400 mm. |
| | Halli á neðra bílastæðaplani aukinn úr 300 mm í 500 mm. |
| | Stoðveggshæð eykst um 200 mm, verður 2000 mm. |
| | Stálhandrið hækkað í 1200 mm. |
| Breytt: | 04.04.2001: Ýmsar smærri breytingar á innanhússfyrirkomulagi, |
| | þ.m.t. breytingar á brunavörnum |
| | Þykkt og uppbyggingu útveggja breytt. |
| | Breytt skráningartafla. |
| | Breytt byggingar- og brunavarnalýsing. P.Ö.B. |


**PÉTUR ÖRN BJÖRNSSON ARKITEKT FAÍ**
Kennitala 100455-3159
Pétur Örn Björnsson
TEIKNISTOFA TÚNGÖTU 14, 101 RVK
VS. 551 0160 HS. 551 0101


Heiti verks:
**EYRARTRÖÐ 2 A**

Heiti teikningar:
**Lóðarfyrirkomulag**

| Mkv.: | Nr. teikningar | Dags.: |
|---|---|---|
| 1 : 200 | 1.02 | 22.11.1999 |
| Verknr.: | | Teiknað: P.Ö.B. |